

KONUNGSBRJEF

4

16. maí

um

Þingsuppsögn.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Vjer viljum hjermeð veita yður sem Vorum forsætisráðherra fyrir Ísland umboð til þess í Voru nafni að segja Alþingi slitið, þá er þingið hefir lokið störfum sínum einhvern næstu daga.

Ritað á Amalúborg, 16. maí 1927.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Þorláksson.

Til

herra Jóns Þorlákssonar, Vors forsætisráðherra fyrir Ísland.

OPIÐ BRJEF

5

20. maí

um

að Alþingi, sem nú er, sje rofið.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Það Alþingi hefir samþykkt frumvarp til stjórnarskipunarlagu, um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, þá verður samkvæmt 76. gr. stjórnarskrárinnar frá 18. maí 1920 að rjúfa Alþingi það, sem nú er. Fyrir því bjóðum Vjer og skipum fyrir á þessa leið: Alþingi það, sem nú er, er rofið.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer þegnlega að hegða.

Gefið á Amalúborg, 20. maí 1927.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Þorláksson.